

Skólanefnd FAS

2. fundur nefndar sem skipuð var 2. maí 2018
Fundartími: 3. apríl 2019 klukkan 15

Mættir: Þorvarður Árnason, Sæmundur Helgason og Hjalti Þór Vignisson.
Einnig : Eyjólfur Guðmundsson, skólameistari og Hrafnhildur Magnúsdóttir fulltrúi foreldra.
Boðuðu forföll: Hugrún Harpa Reynisdóttir og Eva Björk Harðardóttir.

Sæmundur og Eyjólfur rituðu fundargerð

Dagskrá

1. Þarfagreining: lista- og verknámsaðstaða.

Jóhannes Þórðarson tengdur í Skype

Jóhannes kynnti drög að þarfagreiningu og greindi frá vinnu við hana.

Skjalið skiptist í:

- inngang
- listnám og matreiðslu
- fjallamennsku
- samnýtt aðstaða

Rætt um innhald og næstu skref.

Á næstu dögum verður gengið frá skjalinu og óskað eftir stuðning við það frá þeim sem tengjast málinu. Æskilegt að klára umsóknarferli í apríl. Láta stutta yfirlýsingu fylgja um velvilja við verkefnið.

2. Ferðaþjónusta á Suðausturlandi: Menntun, rannsóknir og nýsköpun. Tillaga að samstarfsverkefni.

Þorvarður Árnason forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Höfn reifar málið.

Þreifingar um að finna nýja leið hvernig Rannsóknarsetrið og Nýheimar þjóni samfélagi ferðaþjónustunnar. Starfsemin snýst öll um að sækja styrki fyrir afmörkuð verkefni. Ekki hefur tekist að setja rannsóknir inn á föst fjárlög.

Hugmyndir hafa kviknað, í skapandi samstarfi undanfarinna ára, um ríkara samstarf. Að búa til n.k. regnhlíf, teymi starfsmann frá ólíkum stofnunum innan Nýheima. Menntun, rannsóknir, nýsköpun.

Sækja þarf um aukið fjármagn. Fá sveitarfélagið með í lið og sækja um í ráðuneyti.

16 - 60 milljóna verkefni. (3-4 starfsgildi) Yrði ný eining innan Nýheima.

Olga (Ríki Vatnajökuls), Eyjólfur (FAS), Hugrún (NÞ), Þorvarður (HÍ-Höfn) og Matthildur (Sv.Hornafjörður) hafa setið á rökstólum til að leggja á ráðin um þau skref sem þarf að stíga til að ná í það fjármagn sem þyrfti.

Rannsóknarþáttur heimamanna mikilvægur í mótun og til að hafa áhrif á þróun samfélagsins.

3. Námsframboð næsta skólaár:

Farið yfir breytingar sem eru þær helstar að námsframboð í listgreinum er stokkað upp.

Leiklist, kvikmyndagerð, og skapandi tónlist verða kennd undir áfangaheitinu sviðlistir og myndlist, ljósmyndun og fatasaumur undir áfangaheitinu sjónlistir. Nemendur þessa áfanga fá síðan tækifæri til að vinna saman í smíðju áfanga í listum. Einnig verður boðið upp á áfanga þar sem kennarar verða fengnir að í skamman tíma hver. Nám á íþróttasvið

kjörnámsbrautar hefur einnig verið eflt meðal með samningi við Sindra um námsvettvang fyrir þá sem æfa tiltekna íþróttagrein reglulega. Nám á A-stig vélstjórnar hefur einnig verið stokkað upp í kjölfar endurskipulagningar Tækniskólans á þeirri braut til samræmis við nýja aðalnámskrá framhaldsskóla. Eftir næsta skólaár verður tekið inn á brautina annað hvert haust og í stað þess að dreifa náminu á sex annir þá verður það í boði á fjórum önnum.

4. Önnur mál

- a. Fjárhagsstaða. Góður hluti af uppsöfnuðum afgangi var nýttur á árinu 2018 og því verður fjárhagur skólans heldur þrengri árið 2019 en verið hefur undanfarin ár.
- b. Störf við skólann næsta starfsár hafa verið auglýst en vegna þrengri fjárhagsstöðu verða væntanlega færri starfandi við skólann næsta skólaár.
- c. Sagt frá væntanlegum samningi Ungmennafélagið Sindra um samstarf um afreksíþróttir.
- d. Sagt frá fundi þann 1. apríl um öryggi og fagmennsku í ævintýraferðaðþjónustu þar sem aðilar tengir menntun réðu ráðum sínum um menntun, rannsóknir, nýsköpun, innhald náms, þrepaskiptingu og vottun náms.
- e. Sagt frá þætti FAS í útkomu kynningarrits á vegum starfsnámsskóla um verknám. Greinar um fjallamennsku og Vörhúsið verða í blaðinu.

Fundi slitið kl. 17:30